

**Nd.**

**366. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiða.

Frá samgöngumálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú í sumar, eða svo fljótt sem kostur er á, verði rannsökuð:

1. Til fullnaðar aðalsímaleiðin sunnanlands milli Vikur og Hornafjarðar.
  2. Hin fyrirhugaða símaleið frá Kiðjabergi í Grímsnesi um Minni-Borg að Torfastöðum í Biskupstungum og þaðan austur í Hreppa.  
Jafnframt sje það rannsakað, hvort heppilegra muni eða kostnaðarminna að leggja símann upp í Hreppana frá Þjórsártúni upp Skeið eða hina leiðina — frá Torfastöðum — svo sem lögákveðið er.
  3. Leiðin frá Minni-Borg og út í Grafning að Úlfjótssvatni, og hvað kosta muni að leggja síma þá leið.
  4. Leiðin milli Þórshafnar og Skála á Langanesi.
  5. Hvar heppilegast muni að leggja síma frá Tálknafirði til Hvestu í Dalahreppi og Selárdals í sama hreppi.
  6. Leiðin að Arnarstapa á Snæfellsnesi.
- Og að rannsókn lokinni verði byrjað á framkvæmdum svo fljótt sem unt er.